

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.  
Stella Rúnarsdóttir  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn

Reykjavík, 19. nóvember 2021  
UST202111-155/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Lýsing - Deiliskipulag - Heiðarbær frístundabyggð - Bláskógabyggð**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Bláskógabyggðar er barst 12. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á deiliskipulagi fyrir frístundabyggð fyrir Heiðarbæ F3, sem liggur við Þingvallavatn.

Í greinargerð kemur fram að deiliskipulagstillaga fyrir svæðið var auglýst árið 2010 og fjöldi athugasemda bárust á auglýsingatíma en fomalæg vinnsla tillögunnar tafðist úr hófi og hefur skipulagsferlið verið hafið að nýju. Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin veitti umsögn varðandi verkefnið á sínum tíma<sup>1</sup>.

Í greinargerð kemur fram markmið skipulagsgerðarinnar er að samþætta lóðamörk og götumynd, auka skilvirkni við umsýslu á lóðum ásamt því að ramma inn svæðið og nýtingu þess í heild og einstaka þætti þess s.s. innviði, náttúruvernd og aðgengi. Auk þess kemur fram að frístundasvæðið sem samkvæmt aðalskiplagi er 53 ha og eru 42 lóðir þegar byggðar.

#### **Þingvallavatn**

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að tillagan taki mið af lögum nr. 85/2005 um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess<sup>2</sup> og reglugerð nr. 650/2006 um framkvæmd verndunar vatnasvið og lífríkis Þingvallavatns.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að fylgst sé vel með fráveitu á ofangreindu svæði og haft sé samráð við Heilbrigðisnefnd Suðurlands.

Einnig vill stofnunin benda á að vatnið er á náttúruminjaskrá<sup>3</sup> og það fellur undir sérstaka vernd 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Auk þess er vatnið á tillögu Náttúrufræðistofnunar Íslands að framkvæmdaráætlun B- hluta náttúruminjaskrár<sup>4</sup>. Mikilvægt er að fjallað sé um og tekið sé tillit til ofangreinda þætti í tillögunni að mati stofnunarinnar.

#### **Aðgengi meðfram vatnsbakkanum**

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það sé nægt rými fyrir aðgengi almennings meðfram strandlengjunni, ám og vötnum svo að útivistargildi skerðist ekki og bendir á

<sup>1</sup> [https://ust.is/library/Skrar/Umsagnir/Skipulagstillogur/Heidarbaer\\_080212.pdf](https://ust.is/library/Skrar/Umsagnir/Skipulagstillogur/Heidarbaer_080212.pdf)

<sup>2</sup> <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2005085.html>

<sup>3</sup> <https://ust.is/nattura/naturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/sudurland/>

<sup>4</sup> <https://www.ni.is/greinar/su-sogid-thingvallavatn>

skipulagsreglugerð nr. 90/2013 gr.5.3.2.14., þar sem fjallað er um aðgengi almennings að vötn, ám og sjó

### **Girðingar**

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að girðingar hindri ekki umferð gangandi manna. Í 26. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 er fjallað um girðingar og þar segir: „*Óheimilt er að setja niður girðingu á vatns-, ár- eða sjávarbakka þannig að hindri umferð gangandi manna. Ef mannvirki hindrar för um bakka skal sem kostur er séð fyrir göngustíg kringum mannvirkið og að bakkanum aftur. Þegar girða þarf yfir forna þjóðleið eða skipulagðan göngu-, hjólréiða- eða reiðstíg skal sá sem girðir hafa þar hlið á girðingu. Heimilt er að hafa göngustíga í stað hliðs þegar girt er yfir skipulagðan göngustíg.*“

### **Skógrækt**

Í skilmálum um hverfisvernd segir að innan náttúrulegra birkiskóga er einungis heimilt að gróðursetja íslenskar trjátegundir eins og birki, víði og reyni. Þó er heimilt er að grisja náttúrulegan skóg og gera göngustíga um hann.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að samkvæmt kortasjá Skógræktarinnar er á svæðinu náttúrulegur birkiskógur, en sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir birkiskógar falla undir b. lið 1. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Umhverfisstofnun bendir á að Skógræktin hefur það hlutverk að skilgreina og kortleggja náttúrulega birkiskóga sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að skilmálar áætlana taki mið af ákvæðum laganna.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að markmið laga nr. 33/2019 um skóga og skógrækt er að vernda náttúruskóga landsins og stuðla að aukinni útbreiðslu þeirra. Náttúruskógur er skilgreindur skv. lögnum þar sem land, a.m.k. 0,5 ha að flatarmáli, þar sem sjálfsánar, innlendar trjátegundir, þ.e. ilmbjörk, reyniviður, blæösp, gulvíðir eða loðvíðir, eru ríkjandi og ná a.m.k. tveggja metra hæð fullvaxnar og a.m.k. 10% krónuþekju.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 10. gr. reglugerðar nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda segir: „*Öll ræktun útlendra tegunda hér á landi er óheimil á friðlýstum svæðum, á landslagsgerðum sem njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofan 500 metra hæðar yfir sjó.*“

Umhverfisstofnun tekur undir það að lögð er áhersla á íslenskar trjátegundir þegar kemur að gróðursetningum á frístundalóðum. Að mati Umhverfisstofnunar ætti að setja í skilmála ekki skuli gróðursetja furu, ösp og grenitré frekar en orðið er.

### **Bakkagróður**

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að tillagan taki mið af 62. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd en þar segir að við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Björn Stefánsson  
sérfræðingur

